Borgarholtsskóli

# SLK3A05 – Sérhæfð lagnakerfi

Námsáætlun, haustönn 2024



| Kennari/kennarar: | Netfang/netföng: |
|---|---|
| Skarphéðinn Skarphéðinnsson | skarphedinn@borgo.is |



**Lýsing:**

Í áfanganum er farið yfir ýmis sérhæfð lagnakerfi sem eru mikilvægur hluti af verksviði pípulagningamanna. Fjallað er um snjóbræðslu- og vatnsúðakerfi, hreinsi- og hitakerfi fyrir sundlaugar, lífræn hreinlætiskerfi og rotþrær, gaskerfi, þrýstilofts- og súrefniskerfi á sjúkrahúsum, hita-, vatns- og fráveitukerfi sveitarfélaga, varmadælukerfi. Lögð er áhersla á að nemendur læri um uppbyggingu þessara kerfa, sérkenni þeirra, lagnaefni, dælu- og stjórnbúnað.

**Þekkingarviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- Snjóbræðslukerfum og lagnaefni og búnaði fyrir þau.
- stýringum og reglun fyrir snjóbræðslukerfi.
- notkun millihitara og frostlagar á snjóbræðslukerfi.
- vatnsúðakerfum til brunavarna.
- grunnatriðum í hreinlætis- og hitakerfum sundlauga.
- lífrænum fráveitukerfum.
- grunnatriðum gaskerfa.
- grunnatriðum kælikerfa.
- varmadælum til notkunar við kyndingu húsa.

**Leikniviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- velja lagnaefni og búnað fyrir snjóbræðslukerfi.
- útfæra lagnir snjóbræðslukerfa í gamlar og nýjar tröppur.
- meta undirlag og þekingarefni fyrir snjóbræðslulagnir og kanna hæðarlegu.
- leggja vatnsúðakerfi.
- velja lagnaleiðir og einangrun fyrir gas- og loftlagnir og staðsetningu gasbúnaðar.

**Hæfniviðmið**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- leggja snjóbræðslukerfi við mismunandi aðstæður og skilyrði.
- vinna í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað.
- tengja loftþjöppur, leggja loftþrýstilagnir og setja upp nauðsynleg stjórn- og öryggistæki í vatnsúðakerfum.
- leggja hreinsilagnir og setja upp tilheyrandi búnað fyrir sundlaugar og gangsetja kerfin.
- setja upp og tengja lífræn salerni og rotþrær.
- leggja minni gas-, þrýstilofts- og súrefniskerfi í byggingar í samræmi við reglur og yfirfara öryggisbúnað.
- leggja kælikerfi, setja upp stýribúnað og gangsetja kerfin.

Borgarholtsskóli

**Námsmat:**

Símat og verkefnaskil

**Námsgögn:**

Skjöl sem kennari afhendir

| Vika | Dagur | Dags. | Námsþættir | Námsmats-þættir |
|---|---|---|---|---|
| **1** | 1 | 03.10 | | |
| | 2 | 04.10 | | |
| | 3 | 07.10 | | |
| | 4 | 08.10 | | |
| | 5 | 09.10 | | |
| **2** | 6 | 10.10 | | |
| | 7 | 11.10 | | |
| | 8 | 14.10 | | |
| | 9 | 15.10 | | |
| | 10 | 16.10 | | |
| **3** | 11 | 17.10 | | |
| | 12 | 18.10 | | |
| | 13 | 21.10 | | |
| | 14 | 22.10 | Könnun | |
| | 15 | 23.10 | | |

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*